



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 30. september 2021  
2109683/020.00 AKG

Efni: Umsögn til forsætisnefndar. Þóknun fyrir fundi, leiðbeiningar um fundi nefnda og ráða.

Á fundi forsætisnefndar þann 23. september sl. fór fram umræða um fundi nefnda og ráða í tengslum við verðlaunaafhendingar og þá einkum með tilliti til launagreiðslna. Forsætisnefnd vísaði málinu til umsagnar bæjarritara.

Í 51. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur sem hún setur. Samhljóða ákvæði er að finna í 44. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013, ásamt síðari breytingum. Engum slíkum *formlegum* reglum er til að dreifa hjá Kópavogsbæ, en það leiðir af kröfum sveitarstjórnarlaga og auglýsingu ráðherra um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 22/2013 hvaða lágmarksskilyrði fundur þarf að uppfylla. Þá geta sérreglur einnig verið að finna í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna.

Eftirfarandi lágmarksskilyrði eru gerð til funda nefnda og ráða hjá Kópavogsbæ skv. framansögðu:

Í fyrsta lagi þarf að vera boðað til fundar með löglegum hætti með a.m.k. 1 sólarhrings fyrirvara. Í öðru lagi skal málefnaleg dagskrá fylgja fundarboði auk þeirra gagna sem eru nauðsynleg til að nefndarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Í þriðja og síðasta lagi þarf fundargerð að vera rituð af fundinum sem uppfyllir efniskröfur auglýsingar ráðherra nr. 22/2013 um ritun fundargerða sveitarstjórna. Er þar átt við atriði eins og nöfn viðstaddra sem sitja fundinn, dagskrármál sem tekin eru fyrir á fundinum, meginefni þeirra og hvaða afgreiðslu mál hafa hlotið, atkvæðagreiðslu/kosningu, hvaða gögn eru lögð fram á fundi o.s.frv. Uppfylli fundur ekki ofangreind skilyrði er ekki um lögmætan fund að ræða sem er greiðsluskyldur.

Virðingarfyllst,

---

Anna Kristín Guðmundsdóttir  
Lögfræðingur